



ÁÆTLUN UM INNRA MAT VÍKURSKÓLA 2025-2029

Úr lögum um grunnskóla nr 91/2008
36. gr. Innra mat.

„Hver grunnskóli metur með
kerfisbundnum hætti árangur og gæði
skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri
þátttöku starfsmanna, nemenda og
foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli
birtir opinberlega upplýsingar um innra
mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og
áætlanir um umbætur“

Elín Einarsdóttir
skólastjóri

Víkurskóli
Mánabraut 3-5, 870 Vík

Efnisyfirlit

Um innra og ytra mat Víkurskóla	2
Ábyrgð og gildistími	2
Helstu þættir innra mats	2
Leiðir og framkvæmd	3
Áætlun um innra mat 2025-2029.....	3
Nánar um matsþætti	7
Ágúst.....	7
September	7
Október.....	8
Nóvember.....	8
Desember	8
Janúar	8
Febrúar	8
Mars.....	9
Apríl	9
Maí.....	9
Júní.....	10
Skimanir stoðþjónustu.....	10
Lokaorð	11
Breytingasaga	12

Um innra og ytra mat Víkurskóla

Innra og ytra mat Víkurskóla byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Innra mati ber að tengjast markmiðum skólanámskrár. Jafnframt skal horft til Menntastefnu Mýrdalshrepps, þar segir m.a.:

„Leiðarljós menntastefnu Mýrdalshrepps er að allt starf skuli byggja á samvinnu, umburðarlyndi, virðingu og gleði. Lögð er áhersla á samstarf starfsfólks, metnað, framsækni, faglega umræðu og vilja til nýbreytni. Leikur, vellíðan, tónlist og skapandi starf eru órjúfanlegir þættir í skólastarfi(1:2023).“

Lykilhugsun innra mats Víkurskóla er að niðurstöður formlegs og óformlegs mats, móti áætlanir og aðgerðir um áframhaldandi skólastarf og umbætur á því.

Ytra mat er framkvæmt af öðrum opinberum aðilum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið framkvæmir heildstætt mat á starfsemi skóla með reglubundnum hætti, þá sér Menntamálastofnun um væntanleg Matsferilspróf en fyrirlögn og umsýsla verður á hendi skólans. Aðra eftirlitsaðila má nefna eins og Slökkvilið Mýrdalshrepps, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Vinnueftirlitið.

Við gerð áætlunarinnar voru jafnframt hafðar til hliðsjónar leiðbeiningar um innra mat grunnskóla unnar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið af Sigríði Sigurðardóttur.

Ábyrgð og gildistími

Skólastjóri ber ábyrgð á að innra mat skólans sé framkvæmt. Í skólanum starfar nefnd um innra mat. Í henni sitja stjórnendur, einn fulltrúi kennara og einn fulltrúi almennra starfsmanna, fulltrúi foreldra og fulltrúi nemenda. Áætlun um innra mat skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og oftár ef þurfa þykir. Áætlunin tekur til áranna 2025-2029.

Helstu þættir innra mats

Innra mat Víkurskóla er framkvæmt á margvíslegan hátt eftir formlegum og óformlegum leiðum. Hér verða helstu matsþættir listaðir upp.

- Mat á framvindu í skólastarfinu, skólabrag, árangri nemenda og starfsmanna á reglulegum starfsmannafundum, kennarafundum og teymisfundum.
- Reglulegar kannanir á líðan, námsárangri og félagstengslum nemenda. Snemmtæk íhlutun í forgrunni. Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur annað hvert ár.
- Rýnifundir í kjölfar niðurstaðna Matsferils.
- Símat á þroska, hæfni og færni nemenda. Snemmtæk íhlutun í forgrunni. Skimanir og lesferlar, matsferill.
- Símat á námsárangri. Námsmatskil formleg tvisvar á skólaárinu. Niðurstöður ræddar með foreldrum og nemendum.
- Rýnifundir kennara eftir foreldra/nemendadaga og jafnframt eftir viðburði sem haldnir eru í skólastarfinu með öllu starfsfólki.
- Starfsmannasamtöl haust og vor. Starfsmannakönnun Skólapúlssins annað hvert ár. Rýnifundur í kjölfarið og áætlun um umbætur sett fram.
- Viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra annað hvert ár (Skólapúlsinn). Rýnifundir og umbætur í kjölfarið.

- Rýnifundir vegna sérstakra áhersluverkefna t.d. læsi, stærðfræði og heilsueflingu. Haust og vor.
- Skólaráð Víkurskóla fundar um skólastarfið að lágmarki tvisvar á ári.
- Nemendaráð Víkurskóla kemur sínum hugmyndum á framfæri við skólastjórn. Haldið er skólaþing nemenda annað hvert haust og unnin áætlun til umbóta.

Leiðarstef innra mats Víkurskóla er að niðurstöður úr formlegu og óformlegu innra mati móti aðgerðir og áætlanir í skólastarfinu.

Leiðir og framkvæmd

Innra mat Víkurskóla er ferli sem er sífellt í gangi og lýkur aldrei. Tilgangur þess er að styðja við gildi skólans, *gæði, gleði, grósku og gagn* og uppfylla þau skilyrði og markmið sem hið opinbera gerir til skólastarfsins. Áætlunin sem lögð er fram í næsta kafla tekur til fjögurra ára og er dreift á alla mánuði skólaársins. Niðurstöður hvers matsþáttar eru metnar og gerðar tillögur að umbótum ef þörf er á. Samantekt skólaársins er birt í júní ár hvert. Lögð er áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt. Leitast er við að nota fjölbreyttar matsaðferðir; spurningakannanir, samtöl við starfsmenn, umræðufundi/þing með nemendum, rýnifundi kennara/starfsmanna að afloknum ákveðnum matsþáttum, sjálfsrýni nemenda, svo dæmi séu tekin.

Áætlun um innra mat 2025-2029

Þessi áætlun tekur við af fyrri áætlun sem sett var fram fyrir árin 2020-2024. Hún tekur til næstu fjögurra ára, 2025-2029. Í grunninn koma fram fastir matsþættir sem mældir eru á hverju ári auk þátta sem mældir eru annað hvert ár. Áætlunin er metin a.m.k. á 2 ára fresti og skoðað hvort bæta þurfi inn nýjum þáttum með hliðsjón af breyttum aðstæðum eða taka út þætti sem ekki eiga lengur við. Vera kann að ákveðið verði að leggja fyrir aðrar mælingar t.a.m. tengslakannanir í ákveðnum hópum / bekkjum. Sérstök áherslu verkefni skólans er jafnframt metin, s.s. Uppeldi til ábyrgðar, ART, Erasmus+, Jarðvangsskólinn og Heilsueflandi skóli. Umsjónaraðilar / teymi þessarar verkefna hafa umsjóna með matinu í samráði við matsteymi skólans. Í næsta kafla er gerð nánari grein fyrir hverjum matsþætti auk viðmiða um árangur.

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst/Sept	• Áætlun um innra mat - kynning • Móttökuvíðtöl nýrra nemenda • Námshlutar /Kennsluáætlanir birtar og rýndar, ágúst-september • UTÁ – áætlun gerð • Stærðfræðiteymi – línur lagðar fyrir veturinn • Leiðsagnarnám áherslur lagðar, sbr	❖ Stjórnendur/Matsteymi ❖ Umsjónarkennari og skólastjórnendur ❖ Kennarar / skólastjórnendur ❖ UTÁ teymi ❖ Aðstoðarskólastjóri /stærðfræðikennarar ❖ Umsjónarkennarar / Kennarar

	námskeið sem er í gangi um leiðsagnarnám á vegum Menntafléttu HÍ • Heilsueflandi skólastarf-áherslur kynntar	❖ Heilsueflandi teymi
September	• Skólanámskrá og starfsáætlun, útgáfa og lokayfirferð • Stutt tarfsmannasamtöl • Skólakynningar fyrir foreldra/forráðamenn • Námskeið fyrir foreldra 1. bekkja • Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk • Skólaþing nemenda (annað hvert ár 2025/2027)	❖ Skólastjórnendur ❖ Skólastjóri ❖ Umsjónarkennarar ❖ Skólaþjónusta, umsjónakennari 1.bekkjar ❖ Umsjónarkennarar/fagreina-kennarar í íslensku ❖ Umsjónarkennarar 5.-10. bekkja/skólastjóri
Október	• Skólapúlsinn nemendur í 6.-10. bekk (2026, 2028) • Sjálfsmat nemenda í 7.-10. bekk-frammistöðumat – Mentor • Mat á lestrarniðustöðum fyrir foreldra/nemendadag, 1.-10. bekkur	❖ Skólastjóri ❖ Umsjónarkennarar ❖ Umsjónarkennarar/stjórnendur
Nóvember	• Talnalykill lagður fyrir 3. bekk hóppróf • Orðarún lögð fyrir í 3.-8. bekk • Mat á kennslu / eftirfylgd	❖ Sérkennari ❖ Umsjónarkennarar/aðstoðarskólastjóri ❖ Skólastjórnendur

Desember	• Samantekt á niðurstöðum úr nemendakönnun Skólapúlsins – umbótaáætlun unnin • Rýni á niðurstöður Talnalykils í 3. bekk	❖ Skólastjóri /kennarar/matsteymi ❖ Sérkennari/umsjónarkennari/ skólastjóri
Janúar	• Lestrarpróf MMS lögð fyrir 1.-10. bekk	- Umsjónarkennarar/fagreina-kennarar í íslensku ❖
Febrúar	• Starfsmannsamtöl (feb-mars) • Mat á lestrarniðustöðum 1.-10. bekk fyrir foreldra-nemendadag • Skólapúlsinn-foreldrakönnun (2025,2027) • Talnalykill lagður fyrir 5. bekk hóppróf. • Sjálfsmat nemenda í 7.-10. bekk-frammistöðumat – Mentor • Hugarflugsfundur með nemendum í 7.-10. bekk vegna framboðs á valgreinum.	❖ Skólastjóri ❖ Umsjónarkennarar / faggreinakennarar íslensku ❖ Skólastjóri ❖ Sérkennari ❖ Umsjónarkennarar ❖ Umsjónarkennarar/stjórnendur
Mars	• Skólapúlsinn nemendur í 2.-5. bekk (2026, 2028) • Skólapúlsinn starfsmannakönnun (2026, 2028) • Rýni á talnalykilsniðurstöður 5. bekkjar	❖ Skólastjóri ❖ Skólastjóri ❖ Sérkennari/umsjónarkennari/ skólastjóri

	• Matsferill lesskilningur 4.-9. bekkur • Matsferill stærðfræði 4.-9. bekkur	❖ Skólastjórnendur umsjónarkennarar, fagreinarkennarar
Apríl	• Samantekt og rýni á niðurstöður Skólapúlsins Starfsmannakönnun (2026-2028)/Foreldra-könnun 2025-2027)	❖ Stjórnendur / starfsmenn Matsteymi/Skólaráð
Mái	• Greining á niðurstöðum Matsferils • Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk • Orðarún lögð fyrir í 3.-8. bekk • Mat á lestrarniðurstöðum í 1.-10. bekk • Skilafundur frá leikskóla, samstarfsáætlun Leikskólans Mánalands og Víkurskóla endurskoðuð • Samstarfsáætlun með Tónlistarskóla Mýrdalshrepps • Móttökuviðtöl 1.bekkjar	❖ Stjórnendur/umsjónarkennari fagkennari ❖ Umsjónarkennarar / aðstoðarskólastjóri ❖ Umsjónarkennarar/ aðstoðarskólastjóri ❖ Skólastjórnendur ❖ Skólastjórnendur ❖ Umsjónakennari/ aðstoðarskólastjóri ❖ Aðstoðarskólastjóri /verðandi 1. bekkjar kennari
Júní	• Skýrslur teyma • Farið yfir lögbundnar áætlanir • Skýrsla um innra mat unnin	❖ Teymi /Skólastjórnendur ❖ Skólastjórnendur ❖ Matsteymi/Stjórnendur

Nánar um matsþætti

Hér verður í stuttu máli gerð nánari grein fyrir hverjum matsþætti sem tíundaður er hér að ofan. Eins og áður er nefnt er áætlun þessi lifandi skjal sem getur tekið breytingum eftir því sem skólastarfinu vindur fram.

Ágúst

a) Skólastjóri leggur lokahönd á yfirferð (endurskoðun) áætlunarinnar og hún er yfirfarin af matsteymi skólans. Í framhaldinu kynnt á starfsmannafundi þar sem fólki gefst tækifæri til að koma með ábendingar og athugasemdir. Ef breytinga er þörf sér skólastjóri um að uppfæra áætlunina.

b) Skólastjóri og/eða umsjónarkennari boðar eftir atvikum nýja foreldra og nemendur í einstaklingsviðtöl. Unnið eftir skriflegri móttökuáætlun. Upplýsingum úr viðtölum miðlað til annarra kennara / starfsmanna eftir atvikum.

d) Kennsluáætlanir/Námsvísar birt og rýnd. Mat eftir gátlista.

e) Stærðfræðiteymi skólans kemur saman og leggur niður áherslur vetrarins. Allir sem kenna stærðfræði koma að teyminu, auk aðstoðarskólastjóra.

f) UTÁ teymi hittist (Uppeldis til ábyrgðar) og áætlun gerð. Farið yfir áherslur í UTÁ fyrir skólaárið, kynnt starfsmönnum.

g) Leiðsagnarnám. Kennarar leggja áherslur fyrir veturinn, samræmd vinna eins og hægt er.

h) Heilsustefna skólans kynnt þannig að áherslur heilsueflandi teymis geti fallið að vinnu í hverjum námshópi.

September

a) Gengið frá skólanámskrá og starfsáætlun, allir starfsmenn koma að því að rýna þessar áætlanir. Jafnframt lagt fyrir Fræðslu-, frístundar-, og menningaráð og Skólaráð Víkurskóla.

b) Stutt starfsmannasamtöl í tengslum við vinnuskýrslugerð.

c) Skólakynningar fyrir foreldra. Umsjónarkennarar boða foreldra til kynningar þar sem farið er yfir helstu áherslur skólastarfsins. Hringt er í þá foreldra sem ekki hafa tök á að mæta á kynninguna og farið yfir sömu hluti og á kynningunni.

d) Skólaþjónusta Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu í samvinnu við umsjónarkennara 1. bekkjar stendur fyrir stuttu námskeiði, fyrir foreldra 1. bekkjar nemenda, sem miðar einkum að lestrarkennslu skólans og þjálfunarþætti sem foreldrar/forráðamenn sinna.

e) Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk. Þessi próf eru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið. Hliðarprófanir jafnframt gerðar fyrir þá nemendur sem raðast undir V1 samkv. MMS.

f) Skólaþing nemenda í 5.-10. bekk er haldið annað hvert ár. Lýðræðisvettvangur nemenda, unnið eftir kaffihússkipulagi. Þema og/eða áherslur þingsins í samráði við nemendaráð Víkurskóla.

Október

a) Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk annað hvert ár. Skólapúlsinn er vefkerfi sem mælir þætti sem tengjast líðan og virkni nemenda í skólastarfinu. Kerfið er sjálvvirkt og greinir og birtir niðurstöður í texta og myndrænni framsetningu. Niðurstöður skólans eru rýndar og sérstaklega skoðaðir þættir sem mælast undir landsmeðaltali. Unnin er úmbótaáætlun út frá niðurstöðum.

b) Sjálfsmat nemenda. Nemendur í 7.-10. bekk vinna frammistöðumat í Mentor með foreldrum fyrir foreldra og nemendadag. Nemendur leggja mat á eigin námshætti og viðhorf gagnvart náminu. Umsjónarkennari svarar sömu spurningum. Á foreldra/nemendadegi eru niðurstöðurnar bornar saman. Matið liggur til grundvallar í samtali kennara og nemenda/foreldra. Umsjónarkennarar taka niðurstöður saman og kynna á kennarafundi það sem mögulega á við um hópinn sem heild og koma jafnframt ábendingum um þarfir einstakra nemenda áfram til stjórnenda.

c) Lestrarniðurstöður í 1. -10. bekk. Umsjónarkennarar meta niðurstöður lesfimiþróa og eftir atvikum hliðarþróa og ræða sérstaklega á nemenda/foreldradegi.

Nóvember

a) Orðarún próf 1, lögð fyrir 3.-8. bekk. Orðarún er lesskilningspróf sem gefið er út af Menntamálastofnun. Umsjónarkennarar gera áætlun fyrir þá nemendur sem mælast undir meðallagi í prófinu.

b) Mat á kennslu. Þessi þáttur hefur farið af stað í á yngsta stigi. Unnið út frá matsramma.

d) Talnalykill skimunarpróf lagt fyrir 3.bekk, hóppróf. Sérkennari sér um fyrirlögn og úrvinnslu auk þess að kynna umsjónarkennara niðurstöður (des). Unnin er áætlun fyrir þá nemendur sem ekki ná viðmiði skólans.

Desember

a) Samantekt á niðurstöðum úr nemendakönnun Skólapúlsins. Umbótaáætlun unnin. Skoðaðir sérstaklega þættir sem liggja undir landsmeðaltali.

b) Niðurstöður úr fyrirlögn á Talnalykli fyrir 3. bekk rýndar með umsjónarkennara/stjórnendum.

Janúar

Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk. Hliðarprófanir jafnframt gerðar fyrir þá nemendur sem þess þurfa að mati umsjónarkennara.

Febrúar

a) Starfsmannasamtöl fara fram í febrúar til mars. Farið yfir hvernig gengur í starfinu, kennslu, líðan, samvinnu, símenntun og framtíðaróskir. Unnið út frá viðtalsramma.

b) Mat á lestrarniðurstöðum lesfimi MMS í 1. -10. bekk. Umsjónarkennarar meta niðurstöður lesfimiþróa og eftir atvikum hliðarþróa og ræða sérstaklega á nemenda/foreldradegi.

c) Skólapúlsinn – foreldrakönnun. Þessi könnun er lögð fyrir á tveggja ára fresti í þessari áætlun árin 2025 og 2027. Spurt er um viðhorf til skólans, líðan barns, samskipti, þjónustu sem skólinn veitir, upplýsingagjöf og námsumhverfi. Rýnt er í samanburð á milli mælinga. Sérstaklega

skoðaðir þættir sem liggja lægra en meðaltal annarra skóla. Niðurstöður liggja til grundvallar í úrbótaáætlun sem matsteymið vinnur að.

d) Talnalykill skimunarpróf lagt fyrir 5.bekk, hóppróf. Sérkennari sér um fyrirlögn og úrvinnslu auk þess að kynna umsjónarkennara niðurstöður (apríl). Unnin er áætlun fyrir þá nemendur sem ekki ná viðmiði skólans.

e) Sjálfsmat nemenda. Nemendur í 7.-10. bekk vinna frammistöðumat í Mentor með foreldrum fyrir foreldra og nemendadag. Nemendur leggja mat á eigin námshætti og viðhorf gagnvart náminu. Umsjónarkennari svarar sömu spurningum. Á foreldra/nemendadegi eru niðurstöðurnar bornar saman. Matið liggur til grundvallar í samtali kennara og nemenda/foreldra. Umsjónarkennarar taka niðurstöður saman og kynna á kennarafundi það sem mögulega á við um hópinn sem heild og koma jafnframt ábendingum um þarfir einstakra nemenda áfram til stjórnenda.

f) Valgreinar á unglingastigi. Hugarflugsfundur með nemendum í 7.-10. bekk. Hvernig þeim líkar við valgreinar vetrarins og hvað þau vildu fá inn nýtt. Víkurskóli er mjög fámennur skóli þannig að það er ekki auðvelt að setja saman fjölbreytt valgreinaúrval fyrir nemendur. Mikilvægt að fá fram sjónarmið nemenda og reyna að koma til móts við þau eins og hægt er.

Mars

a) Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 2.-5. bekk annað hvert ár. Í þessari áætlun 2025-2027. Skólapúlsinn er vefkerfi sem mælir þætti sem tengjast líðan og virkni nemenda í skólastarfinu. Kerfið er sjálfvirkt og greinir og birtir niðurstöður í texta og myndrænni framsetningu. Niðurstöður skólans eru rýndar og sérstaklega skoðaðir þættir sem mælast undir landsmeðaltali. Unnin er umbótaáætlun út frá niðurstöðum.

b) Matsferill í stærðfræði og lesskilningi lagður fyrir, (prófagluggi 2.-27. mars).

c) Skólapúlsinn – starfsmannakönnun. Þessi könnun er lögð fyrir starsmenn á tveggja ára fresti, í þessari áætlun 2026 og 2028. Spurt er um viðhorf til skólans, starfsins, vinnuaðstöðu, samskipti á vinnustaðnum og við stjórnendur. Jafnframt viðhorf til frammistöðu sveitarfélagsins í fræðslumálum. Niðurstöður er rýndar á starfsmannafundi (júní) þar sem starsmönnum er skipt í hópa. Í kjölfarið sett af stað umbótaáætlun.

d) Niðurstöður úr fyrirlögn á Talnalykli fyrir 5. bekk rýndar með umsjónarkennara/stjórnendum.

Apríl

a) Samantekt og rýni á niðurstöðum Skólapúlsins er varðar 2.-5. bekk. Umbótaáætlun sett fram.

b) Samantekt og rýni á niðurstöðum úr foreldrakönnun Skólapúlsins. Umbótaáætlun sett fram.

Mái

a) Niðurstöður úr Matsferli rýndar, ræddar og eftir atvikum settar í ákveðinn farveg.

b) Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk. Þriðja og síðasta fyrirlögn yfir skólaárið. Hliðarprófanir jafnframt gerðar fyrir þá nemendur sem þess þurfa að mati umsjónarkennara.

c) Orðarún, próf 2, lögð fyrir 3.-8. bekk. Orðarún er lesskilningspróf sem gefið er út af Menntamálastofnun. Umsjónarkennarar gera áætlun fyrir þá nemendur sem mælast undir meðallagi í prófinu. (Ekki ljóst hvort þessi mæling falli út þegar Matsferill er innleiddur.)

d) Mat á niðurstöðum í lestri í 1.-10. bekk. Árangur skoðaður heildstætt fyrir skólaárið.

e) Samstarfsáætlun Mánalands og Víkurskóla. Skilafundur milli leik-og grunnskóla.

f) Samstarfsáætlun Tónskóla Mýrdalshrepps og Víkurskóla. Lagðar línur að sameiginlegum viðburðum og þátttöku Tónlistarskóla Mýrdalshrepps að skólastarfinu.

g) Umsjónarkennari boðar foreldra og nemendur í komandi 1. bekk í einstaklingsviðtöl. Unnið eftir skriflegri móttökuáætlun. Upplýsingum úr viðtölum miðlað til annarra kennara / starfsmanna eftir atvikum.

Júní

a) Samantekt og mat á starfi teyma. Áherslur næsta vetrar ræddar.

b) Mat á stöðu UTÁ(Uppeldis til ábyrgðar). Farið yfir hvað hafi verið unnið í hverjum námshópi og horft til næsta skólaárs.

c) Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum. Allir starfsmenn koma að matinu. Notuð fyrirfram skilgreind matsviðmið. Annað hvert ár 2026-2028

d) Samantekt og rýni á starfsmannakönnun Skólapúlsins (2026-2028). Sjá apríl.

d) Yfirferð á lögbundnum áætlun. Skólastjóri ber ábyrgð á að uppfæra lögbundnar áætlanir og kynna þær og ræða með starfsfólki einu sinni á ári.

Skimanir stoðþjónustu

Skólastjóri, sérkennari og yfirþroskajálfi halda utan um stoðþjónustu skólans. Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sér um ákv. skimanir. Sérfræðingar Skólaþjónustunnar annast allar helstu greiningar sem framkvæmdar eru í skólanum. Hér gefur að líta yfirlit yfir helstu próf sem hún nýtir.

Aldur	Próf/skimanir
1.bekkur	Leið til læsis – lesskimunarpróf okt.
3.bekkur	Talnalykill, hóppróf (nóvember) (sérkennari)
3.bekkur	Hluti LOGOS skimun (febrúar)
5.bekkur	Talnalykill, hóppróf (febrúar) (sérkennari)
6.bekkur	Hluti LOGOS skimun (febrúar)

Unnar eru skýrslur út frá niðurstöðum prófa og skilafundir haldnir með foreldrum og umsjónarkennara. Niðurstöður Matsferils er jafnframt rýndar eftir þörfum með aðkomu Skólaþjónustunnar.

Lokaorð

Með þessari áætlun er lagður grunnur að umbótamiðuðu innra mati í skólastarfi Víkurskóla til næstu fjögurra ára. Með tilkomu Matsferils er bundnar vonir við að markvissar mælingar á framförum nemenda komist á skrið eftir að hafa legið niðri að mestu í nokkur ár.

Markmiðið er að gera góðan skóla enn betri með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þetta er önnur heildstæða áætlun þessarar gerðar sem unnin er fyrir skólann. Í ljósi breytinga á innra mati með tilkomu Matsferils mun áætlunin vafalaust taka breytingum. Skólastarf er og á að vera í sífelldri þróun, sjálfsmat er hringferli sem tekur breytingum eftir því sem straumar og stefnur í menntamálum þróast sem og samfélagið í heild sinni.

Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar /Breytingar	Fært inn af
	15/03/2025	Fyrstu drög – rammi settur	EE
	25/06/2025	Drög- ath enn óljóst með tímasetningu á fyrirlögn Matsferils	EE/KÓG
1.0	18/09/2025	Uppfært og sent á matsteymi til yfirlestrar	EE
	01/10/2025	Yfirfarið af Matsteymi Víkurskóla	EE
2.0		Staðfest af kennarafundi og skólaráði	